



ORGANON

Fagfélag hómópata

11. nóvember 2014.

Umsögn Organon fagfélags hómópata við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu, 27. mál.

Organon, fagfélag hómópata á Íslandi fagnar umræðu um eflingu heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og er tilbúið til samvinnu og samráðs hvað þessi mál varðar.

Með aukinni tækni og fjarskiptum er búseta í hinum dreifðu byggðum landsins gerð auðveldari og er fjarheilbrigðisþjónusta að nokkru leiti lausn fyrir íbúa á þeim svæðum. Tryggja þyrfti að heilbrigðisþjónusta til einstaklinga muni á engan hátt verða lakari við innleiðingu slíkrar fjarheilbrigðisþjónustu og tryggja vel að slík fjarþjónusta sinni vel fræðslu og forvörnum, ásamt því að stuðningur við þessi skref einstaklinga til ábyrgðar á sjálfum sér er mikilvægur.

Fjarheilbrigðisþjónusta (Telehealth) er sá hluti heilbrigðisþjónustu sem er í hvað örustum vexti. Ný samskiptatæki milli skjólstæðinga og fagfólks heilbrigðisþjónustunnar eru kynnt til sögunnar svo til á degi hverjum, ásamt því að ýmis konar smáforrit í sínum eru að skjóta upp kollinum. Því teljum við að tryggja þurfi að mannlegi þátturinn tapist ekki og hinn mikilvægi þáttur viðtals á milli skjólstæðings og heilsbrigðisstarfsmanns sé áfram við lýði þó í breyttri mynd sé. Einnig að tillit skuli taka til mismunandi læsis einstaklinga gagnvart slíkri fjarþjónustu og því er eflaust nauðsyn að hafa fleiri en eina leið úr að velja sem hentar hverjum og einum.

Gæta þarf þess að við slíka þjónustu sé farið vandlega að þeim stöðlum sem við á og virðist þetta mál heyra undir IEC/TR 80001 ásamt undirstöðlum og IEC/TR 80002 ásamt undirstöðlum (sjá [hér](#))

Meðferð persónuupplýsinga við slíka fjarþjónustu, er mikilvæg og má benda á ISO 27001 staðlana í því tilfalli ásamt landslögum um meðferð persónuupplýsinga.

Nauðsynlegt er að setja verklagsreglur varðandi notkun og val á fjarheilbrigðisþjónustu og við hvaða aðstæður telst öruggt að nota fjarþjónustu. Einnig þarf að vera til ferli til að greina áhættuþætti og hvenær þörf er að senda skjólstæðing til frekari meðhöndlunar.

Þrátt fyrir kosti þess að reka slíka fjarþjónustu minnum við á að mannlegi þátturinn í samskiptum skjólstæðinga við heilsugæsluaðila er ávallt mjög mikilvægur, auk þess

sem greiningargeta fjarþjónustu eingöngu er enn á frumstigi og ætla má að mistök gætu orðið tíðari með notkun slíkra tækja eingöngu.

„ ...no studies that mention safety or specifically research patient safety in telehealth. Indirect evidence such as monitoring, prevention of acute care events or complications, testing the technology for comparison with in-person care, and outcomes research all allude to safety but do not address it specifically. It is clear that there is a gap in the literature and research evidence for telehealth specifically related to safety“ (Fairchild, Elfrink og Deickman.)

Það er því von Organon, fagfélags hómópata á Íslandi að áður en slík fjarþjónusta verður tekin upp á fleiri stöðum á landinu sé öryggi skjólstæðinga tryggt, ferlagreining framkvæmd og nauðsynlegir öryggisferlar innleiddir. Ferli til viðhalds á eðlilegu þjónustustigi heilsugæslunnar þarf að endurspeglar þessa nýju tækni og kröfur.

Virðingarfyllt.

f.h. stjórnar Organon, fagfélags hómópata á Íslandi

Dagný Ösp Helgadóttir, formaður

Samskipti og öryggi við heilsugæslu – [Leonard og Bonacum Telehealth](#)

Öryggi sjúklinga – [Fairchild, Elfrink og Deickman](#)

Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (World Health Organization) -

http://www.who.int/medicines/publications/traditional/trm_strategy14_23/en/